



Starfslýsing sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Næsti yfirmaður: Sveitarstjórn.

Ábyrgðar- og starfssvið sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins.

Hann er æðsti yfirmaður allra starfsmanna sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, ritar fundargerð og gengur frá fundi að honum loknum.

Hann ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar.

Sveitarstjóri hefur yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri ber ábyrgð á vinnu við stefnumótun og áætlanagerð í ólíkum málaflokkum.

Sveitarstjóri er prókúruhafi og undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Að öðru leyti er vísað í 44. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Helstu verkefni sveitarstjóra

Umsjón með rekstri sveitarfélagsins.

Yfirumsjón með starfsmannamálum.

Yfirumsjón með fjármálum, bókhaldi og fjárhagsáætlanagerð.

Leiðir vinnu við stefnumótun og áætlunargerð.

Skipulagning og undirbúningur dagskrár funda sveitarstjórna.

Hefur náið samstarf við sveitarstjórn og sinnir upplýsingagjöf á fundum.

Skilar öllum innsendum erindum, bréfum og málum í skjalastjórnunarkerfi.

Stýrir stefnumarkandi vinnu, mótun framtíðarsýnar og vinnu að framfaramálum

Sinnir samskipta og upplýsingamiðlun við stjórnvöld, samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki, íbúa og aðra hagsmunaaðila.

Sinnir hagsmunagæslu fyrir sveitarfélagið og kemur fram fyrir hönd þess.

Hefur umsjón með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins. Þ.m.t. verkefnum áhaldahúss

Skipuleggur úthlutun íbúða – og iðnaðarlóða í samræmi við gildandi skipulag

Er framkvæmdastjóri Fjarfskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Hitaveitu Brautarholts.



Hæfniskröfur og menntun.

Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi.

Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og samskiptum

Pekking og reynsla á sviði fjármála.

Pekking og reynsla af stefnumótun.

Pekking og reynsla af starfsmannamálum

Pekking og reynsla af sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu er kostur.

Góðir skipulagshæfileikar, sjálfstæði, frumkvæði, hugmyndaauðgi og metnaður til árangurs.

Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti.

Góð íslenskukunnátta.

Leiðtogahæfileikar með áherslu á frumkvæði, örugga ákvarðanatöku og skipulögð vinnubrögð.

Nákvæmni og skipuleg vinnubrögð.

Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Hreint sakavottorð.

Starfskjör eru í samræmi við samninga Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Almennt

Starfsmönnum Skeiða- og Gnúpverjahrepps ber að skila vinnutíma- og akstursskýrslum til launafulltrúa fyrir 22. dag hvers mánaðar.

Starfsmönnum Skeiða- og Gnúpverjahrepps ber að tileinka sér kurteisa framkomu í störfum sínum og leitast við að leysa mál sem upp kunna að koma af lipurð og festu.

Starfsmönnum gefst kostur á símenntun og fræðslu í samráði við yfirmann.

Starfsmönnum Skeiða- og Gnúpverjahrepps ber að gæta hagsmuna sveitarfélagsins í störfum sínum, gæta ráðdeildar og sparsemi og gæta þess að vel sé farið með eignum þess.

Starfsmenn skulu leggja sig fram um að fylgjast með starfsemi og eignum sveitarfélagsins og láta stjórnendur þess vita um það sem betur má fara.

Starfsmenn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru bundnir trúnaði um allt sem þeir verða áskynja um í störfum sínum og varðar hagsmuni einstaklinga eða sveitarfélagsins. Sá trúnaður helst þó látið sé af störfum hjá sveitarfélaginu.

Dagsetning:

Fyrirvari um samþykki sveitarstjórnar 18. nóvember 2020.